



Fundargerð landbúnaðarnefndar 19. nóvember 2014

Landbúnaðarnefnd

Fundur haldin 19.11 2014 Kl.19:30

Mættir eru Guðrún Hildur, Sigurjón, Geir, Friðbjörn Haukur, Jóhanna G.

Sigurpóra og Svanur mættu ekki. Engir varamenn.

1.Útleiga á gangnamannakofa við Arnarvatn. Jörger Sverrisson sótti um að leigja kofann í september 2011, aldrei gengið frá neinum samningi. Samþykkt í Landbúnaðarnefnd að halda áfram með málið og vísun því til sveitarstjórnar.

Athuga síðan með útleigu á öðrum kofum t.d með því að auglýsa og athuga með áhuga.

2.Refa og minkaveiðar.

Koma þarf minkaveiðum í rétt horf, koma þarf gildrum niðru og ráða menn í verkið, og leggur nefndin til að Friðbjörn Haukur, Geir, Pétur í Teigi og Sigurvin séu tilvaldir í verkið. Landbúnaðarnefnd leggur til að þeim sé borgað eftir ríkistaxta, þ.e. akstur, dýr, og tímakaup.

Óskað eftir upplýsingum um drög og reglugerðir gagnvart refa og minkaveiðum og hvað Vopnafjarðarhreppur fær í endurgreiðslu.

3.Önnur mál.

Athuga með flugvarg niður við bryggju, hvað má gera til þess að eyða honum.

Skoða þarf fyrir gerð gangnaseðils smalamennskur, að það séu öll svæði smöluð.

Og einnig sé farið 2.göngu og að svæði séu yfirhöfuð smöluð.

Ekki fleiri mál á dagskrá .

Jóhanna Guðjónsdóttir ritar fundargreð.

Fundi slitið kl:22:15